

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2022/2418****2023/EES/79/33****frá 9. desember 2022****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 333/2007 að því er varðar aðferðir við greiningu vegna eftirlits með  
innihaldi snefilefna og aðskotaefna úr vinnslu í matvælum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) <sup>(1)</sup>, einkum 6. mgr. 34. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 333/2007 <sup>(2)</sup> er mælt fyrir um aðferðir við sýnatöku og greiningu sem skal nota vegna opinbers eftirlits með innihaldi snefilefna og aðskotaefna úr vinnslu í matvælum.
- 2) Á grundvelli bestu fyrirliggjandi upplýsinga unnu tilvísunarráðgjafarstofur Evrópusambandsins á sviði aðskotaefna í fóðri og matvælum leiðbeiningarskjal um mat á greiningarmörkum (LOD) og magngreiningarmörkum (LOQ) til mælinga á sviði aðskotaefna í fóðri og matvælum <sup>(3)</sup>. Þar eð þetta leiðbeiningarskjal inniheldur bestu núverandi tækniþekkingu ættu niðurstöðurnar í því að endurspeglast í kröfum varðandi magngreiningarmörk að því er varðar aðferðir til að greina arsen sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 333/207.
- 3) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 333/2007 til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 333/2007 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 318, 12.12.2022, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 213/2023 frá 22. September 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 333/2007 frá 28. mars 2007 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna eftirlits með innihaldi snefilefna og aðskotaefna úr vinnslu í matvælum (Stjtið. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 29).

(3) Wenzl, T., Haedrich, J., Schaechtele, A., Robouch, P., Stroka, J., „Guidance Document on the Estimation of LOD and LOQ for Measurements in the Field of Contaminants in Feed and Food“, EUR 28099, Publications Office of the European Union, Luxembourg, 2016, ISBN 978-92-79-61768-3; doi:10.2787/8931.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

Í stað a-liðar í lið C.3.3.1 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 333/2007 kemur eftirfarandi:

„a) Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferðir fyrir blý, kadmíum, kvikasilfur, ólífrænt tin og ólífrænt arsen

Tafla 5

Mælipáttur	Viðmiðun			
Notkunarsvið	Matvæli sem tilgreind eru í reglugerð (EB) nr. 1881/2006			
Sértæki	Laus við truflanir frá efniviði eða litrófstruflanir			
Endurtekningarnákvæmni (RSD <sub>T</sub> )	HORRAT <sub>T</sub> minni en 2			
Samanburðarnákvæmni (RSD <sub>R</sub> )	HORRAT <sub>R</sub> minni en 2			
Endurheimt	Ákvæði liðar D.1.2. gilda			
LOD	= þrjú tíundu hlutar af magngreiningarmörkum			
Magngreiningarmörk (LOQ)	Ólífrænt tin	≤ 10 mg/kg		
	Blý	ML ≤ 0,02 mg/kg	0,02 < ML < 0,1 mg/kg	ML ≥ 0,1 mg/kg
		≤ ML	≤ tveir þriðju hlutar af ML	≤ fimmti hluti af ML
	Kadmíum, kvikasilfur	ML ≤ 0,02 mg/kg	0,02 < ML < 0,1 mg/kg	ML er ≥ 0,1 mg/kg
		≤ tveir fimmtu hlutar af ML	≤ tveir fimmtu hlutar af ML	≤ fimmti hluti af ML
	Ólífrænt arsen og heildarmagn arsens	ML ≤ 0,03 mg/kg	0,03 < ML < 0,1 mg/kg	ML er ≥ 0,1 mg/kg
≤ ML		≤ tveir þriðju hlutar af ML	≤ tveir þriðju hlutar af ML“	